

## **43. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn föstudaginn 19. desember 2014 kl. 12:00.**

### **Fundargerð**

#### **Fundurinn var haldinn í síma**

Mættir: Jón Björn Hákonarson (JBH), Sæunn Stefánsdóttir (SS), Berglind Hasler (BH), Páll Baldursson (PB), Sigrún Birna Björnsdóttir (SBB), Karl Lauritzson (KL). Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÞ) ritaði fundargerð

Sveinn Jónsson (SJ) og Þórunn Egilsdóttir (ÞE) boðuðu forföll á fundinn.

Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÞ) starfandi framkvæmdastjóri sat liði 1-8. Signý Ormarsdóttir og Björg Björnsdóttir sátu liði 1-7

#### **Dagskrá:**

1. Staðfesting síðstu fundargerðar
2. Staða erinda til sveitarfélaga á Austurlandi
3. Sala húsnæðis Austurbrúar að Miðvangi.
4. Skammtímafjármögnun – lánsfjármagn
5. Bankaviðskipti og lánsfjármögnun
6. Djúpivogur – Nýsköpunarmiðstöð
7. Byggðastofnun og brothættar byggðir
8. Yfirverkefnisstjóri kjarnaverkefna
9. Erindi frá Bergþóru Árnadóttur
10. Ráðning framkvæmdastjóra Austurbrúar

Jón Björn Hákonarson setti fundinn og bauð alla velkomna.

**1. Staðfesting fundargerða**

Fundargerðir 39,40,41 og 42 staðfestar.

**2. Erindi til sveitastjórna**

JBH og JÁÐ fóru yfir samþykktir sveitarfélagana um aðkomu að lausn á eiginfjárvanda Austurbrúar. Öll sveitarfélög sem búin eru að halda fundi hafa samþykkt aðkomuna á grundvelli þeirra tillagna sem lagðar voru fyrir stofnaðilafundinn. Lýsir stjórn Austurbrúar ánægju með þennan stuðning þessara stofnaðila við þetta nýsköpunarverkefni sem Austurbrú er.

**3. Sala húsnæðis Austurbrúar að Miðvangi.**

JÁÐ greinir frá að öll gögn hafi verið undirrituð tengt sölunni og nú sé beðið eftir þinglýsingu. Von ár á því að hún gangi í gegn fyrir áramót.

**4. Skammtímafjármögnun SSA**

Skammtímalán fékkst hjá SSA á meðan beðið er þinglýsingar á sölu eignarinnar. Reiknað er með að skammtímalánið verði greitt þegar þinglýsingin gengur í gegn.

**5. Bankaviðskipti og lánsfjármögnun**

Stjórn samþykktir að veita JÁÐ heimild til að óska eftir tilboðum frá bankastofnunum sem starfa á Austurlandi í bankaviðskipti stofnunarinnar. Stjórn samþykkir að veita JÁÐ heimild til að óska eftir langtímafjármögnun á móti samþykktum sveitarfélaga um innlög eiginfjár í Austurbrú í gegnum Atvinnuþróunarsjóð Austurlands. Einnig er samþykkt að óskað verði eftir framlengingu á yfirdrætti á móti greiðslum sem koma frá ríkinu á fyrsta ársfjórðungi 2015 í samræmi við áætlum sem lögð var fyrir stofnaðilafund.

**6. Djúpivogur - Nýsköpunarmiðstöð**

JÁÐ upplýsir um stöðu viðræðna oddvita Djúpavogs við NMI um starfsmann frá NMI á Djúpavogi. Stjórn felur JÁÐ að vinna áfram að málinu á grundvelli umræðna.

**7. Byggðastofnun og brothættar byggðir**

JÁÐ upplýsir um stöðu viðræðna við Byggðastofnun um þjónustu við verkefnið brothættar byggðir á Austurlandi. Stjórn felur JÁÐ að vinna áfram að málinu á grundvelli umræðna á fundinum.

**Signý Ormarsdóttir og Björg Björnsdóttir viku af fundi**

**8. Yfirverkefnisstjóri kjarnaverkefna**

Stjórn samþykkir tillögu JÁÐ um að starf yfirverkefnisstjóra kjarnaverkefna verði auglýst innanhúss með umsóknarfrest 19. Janúar 2015.

**Jóna Árný Þórðardóttir vék af fundi**

**9. Erindi frá Bergþóru Árnadóttur**

Erindi fært í trúnaðarmálabók.

**10. Ráðning framkvæmdastjóra Austurbrúar**

Stjórn felur JBH að semja við JÁÐ um að sinna áfram starfi framkvæmdastjóra Austurbrúar.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 13:00

---

Jón Björn Hákonarson

---

Sæunn Stefánsdóttir

---

Berglind Hasler

---

Karl Lauritzson

---

Páll Baldursson

---

Sigrún Birna Björnsdóttir